

10. febrúar 2011
SI-70313

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði (EES-reglur, heildarlög), 351. mál.

Með tölvupósti dags. 31. janúar 2011 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði er endurskoðun og bæting á gildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003. Sérstaklega var verið að endurskoða ákvæði um fjárfestingarheimildir, eignarhald, óhæði rekstrarfélaga, lagaumhverfi fagfjárfestingarsjóða o.fl. Lögð er áhersla á að taka upp með skýrari hætti einstök ákvæði tilskipana þeirra er fjalla um sameiginlega fjárfestingu.

Auknar kröfur á ýmsum sviðum eru helsta einkenni frumvarpsins, m.a. er lagt til að framkvæmdastjórar rekstrarfélaga og sjóðsstjórar sjóða um sameiginlega fjárfestingu hafi staðist próf í verðbréfavíðskiptum eða hlotið löggildingu til þess. Einnig er um að ræða strangari reglur fyrir fjárfestingar tengdra aðila og aukið gagnsæi, m.a. með auknu aðgengi almennings að upplýsingum um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði.

Frumvarpið ber með sér að ætlunin sé að styrkja regluverkið ásamt því að endurheimta traust fjárfesta og almennings. Slíkt er til þess fallið að stuðla að auknu trausti á fjármálakerfið í heild.

Seðlabankinn gerir ekki sérstakar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson,
seðlabankastjóri

Guðmundur Kr. Tómasson
aðstoðarframkvæmdastjóri